

	Þús. kr.	Þús. kr.
10. Grenivík	50	
11. Gróttta	400	
12. Höfn í Hornafirði	100	
13. Innri-Akraneshreppur við Innrahólm	50	
14. Melar í Melasveit	50	
15. Miðneshreppur	150	
16. Sauðárkrókur	100	
17. Seltjarnarnes	100	
18. Stokkseyri	75	
		2 300

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

29. desember 1970.

Nr. 109.

L Ö G

um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar,
nr. 43 3. júní 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 2. gr. orðist svo:

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurbíofastsdæmi.
2. Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsness- og Dalabíofastsdæmi.
3. Barðastrandar- og Ísafjarðarbíofastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarbíofastsdæmi.
5. Eyjafjarðar- og Þingeyjarbíofastsdæmi.
6. Múla- og Austfjarðarbíofastsdæmi.
7. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessbíofastsdæmi.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningar. Skal við talningu reikna fyrsta manni eitt atkvæði, öðrum manni $\frac{2}{3}$ atkvæðis og þriðja manni $\frac{1}{3}$ atkvæðis. Sá, sem flest hlýtur atkvæði, skal taka sæti á kirkjuþingi sem aðalmaður, en hinir vera fyrsti og annar varamaður eftir atkvæðamagni. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skirteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Auður Auðuns.